

OPIÐ BRÉF

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1932.

1
11. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1932.

Um leið og vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Christiansborg, 11. janúar 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.